

Til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis

Reykjavík, 9. febrúar 2021

Efni: Umsögn kærunefndar vöru- og þjónustukaupa um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða úrskurðaraðila á sviði neytendamála (einföldun úrskurðarnefnda), þingskjal þskj. 574 – 400. mál

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa vill koma á framfæri athugasemdum sínum við fyrirhugaða svohljóðandi breytingu á 14. gr. laga um úrskurðaraðila á sviði neytendamála nr. 81/2019:

*Á undan 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Viðurkenndir úrskurðaraðilar og kærunefnd vöru- og þjónustukaupa skulu vísa málum frá ef kvörtun heyrir undir, er til meðferðar eða hefur hlotið meðferð hjá öðrum viðurkenndum eða lögbundnum úrskurðaraðila sem ráðherra hefur skráð og tilkynnt, erlendum úrskurðaraðila sem er á skrá yfir tilkynnta úrskurðaraðila í deilumálum utan dómstóla á Evrópska efnahagssvæðinu, kærunefnd vöru- og þjónustukaupa eða dómstólum.*

Í greinargerðinni með frumvarpinu segir svo:

Að lokum er lagt til að skylt verði að vísa frá málum sem eiga undir löasögu dómstóla. Í öllum fyrrgreindum tilfellum er lagt til að máli beri að vísa frá ef kvörtun heyrir undir, er til meðferðar hjá eða hefur hlotið meðferð hjá fyrrgreindum aðilum.

Kærunefndin telur ákvæðið óskýrt og fara gegn markmiði breytingartillögunnar um að skýra frávísunarákvæði laganna. Orðalag ákvæðisins ber með sér að viðurkenndum úrskurðaraðilum og kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sé skylt að vísa frá efnislegri meðferð nær öllum kvörtunum sem berast nefndinni, af þeirri ástæðu að ágreiningurinn „heyrir undir“ dómstóla.

Kærunefndin hefur verið starfrækt í tæpt ár og á þeim tíma hafa nefndinni borist hátt í 200 mál. Nánast öll málin „heyra undir“ dómstóla eða „eiga undir lögsögu dómstóla“. Ef frumvarpið verður að lögum án breytinga er næsta víst að kærunefndin muni þurfa að vísa nær öllum málum frá nefndinni enda eiga þau flest ef ekki öll undir lögsögu dómstóla. Kærunefndin telur eðlilegt að nefndin vísi frá málum sem eru til meðferðar hjá dómstólum enda óeðlilegt að fjalla um sama ágreining hjá mörgum úrskurðaraðilum á sama tíma.

Nefndin telur orðalag ákvæðisins einnig bera með sér að viðurkenndum úrskurðaraðila geti verið skylt að vísa kvörtun frá efnislegri meðferð af þeirri ástæðu að ágreiningurinn „heyrir undir“ kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Væri æskilegt að orðalag ákvæðisins sé í samræmi við stöðu kærunefndar vöru- og þjónustukaupa sem

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

viðbótarúrskurðaraðila í skilningi laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála. Að mati kærunefndarinnar þarf orðalag ákvæðisins að kveða skýrlega á um að:


a) Viðurkenndum úrskurðaraðilum og kærunefnd vöru- og þjónustukaupa ber að vísa frá málum sem heyra undir, eru til meðferðar eða hafa hlotið meðferð hjá öðrum viðurkenndum eða lögbundnum úrskurðaraðila sem ráðherra hefur skráð og tilkynnt eða erlenda úrskurðaraðila sem eru á skrá yfir tilkynnta úrskurðaraðila í deilumálum utan dómstóla á Evrópska efnahagssvæðinu.


b) Viðurkenndum úrskurðaraðilum og kærunefnd vöru- og þjónustukaupa ber að vísa frá málum sem heyra ekki undir lögsögu þeirra.

c) Viðurkenndum úrskurðaraðilum og kærunefnd vöru- og þjónustukaupa ber að vísa frá málum sem eru til meðferðar eða hafa hlotið meðferð dómstóla.

Með vísan til framangreinds telur kærunefnd vöru- og þjónustukaupa þörf á að ákvæðið verði sett fram með skýrari hætti þar sem skýrlega verður vísað annarsvegar til frávísunar vegna lögsögu úrskurðaraðilans sem um ræðir og hins vegar með vísan til meðferðar málsins sem um ræðir hjá dómstólum.

Virðingarfyllt,
f.h. nefndarinnar


Hildur Ýr Viðarsdóttir hrl.
formaður kærunefndar vöru-
og þjónustukaupa


Karen Björnsdóttir lögfr.
starfsm. kærunefndar vöru- og
þjónustukaupa